

Ed.

21. Frumvarp til laga

um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, í þeim hlutföllum, sem segir í lögnum, enda sé áætlun um hafnargerðina eða lendingarbæturnar samþykkt af samgöngu-málaráðuneytinu og fé veitt til þeirra í fjárlögum.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef lánið er tekið erlendis, skal það tekið með milligöngu Landsbanka Íslands.

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar og dráttarbrautir.

2. gr.

A. Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{3}$ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. málsg. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast lán til greiðslu á $\frac{2}{3}$ af kostnaðinum við hafnargerðina, þannig að jafnskjött og fé er veitt í fjárlögum til hafnargerðanna, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast helmingi hærri lánsfjárhæð til hafnargerðarinnar á þann hátt, er segir í 1. gr.

1. Akureyri,
2. Hafnarfjörður,
3. Ísafjörður,
4. Reykjavík,
5. Seyðisfjörður,
6. Siglufjörður,
7. Vestmannaeyjar,

B. Ríkissjóður greiðir $\frac{2}{5}$ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. málsg. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast lán til

greiðslu á $\frac{3}{5}$ af kostnaðinum við hafnargerðina, þannig að jafnskjótt og fé er veitt í fjárlögum til hafnargerðarinnar, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast lánsfjárhæð í hlutfallinu 3:2 til hafnargerðarinnar á þann hátt, er segir í 1. gr.

1. Akranes,
2. Bíldudalur,
3. Bolungavík,
4. Búðareyri í Reyðarfirði,
5. Búðir í Fáskrúðsfirði,
6. Dalvík,
7. Eskifjörður,
8. Flateyri,
9. Grafarnes (Grundarfjörður),
10. Hofsós,
11. Hrísey,
12. Húsavík,
13. Keflavík,
14. Neskaupstaður,
15. Ólafsfjörður,
16. Ólafsvík,
17. Patreksfjörður,
18. Raufarhöfn,
19. Sauðárkrúkur,
20. Skagaströnd,
21. Stykkishólmur,
22. Suðureyri,
23. Þingeyri,
24. Þórshöfn.

C. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. málsg. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast lán til greiðslu á hinum helming kostnaðarins við lendingarbæturnar, jafnskjótt og fé er veitt til lendingarbótanna í fjárlögum, á þann hátt, er segir í 1. gr

1. Borgarfjörður,
2. Blönduós,
3. Borgarnes,
4. Breiðdalsvík,
5. Djúpivogur,
6. Eyrarbakki,
7. Flatey á Breiðafirði,
8. Flatey á Skjálfanda,
9. Grimsey,
10. Grunnavík,
11. Hafnir,
12. Hellissandur,
13. Hnífsdalur,
14. Hofsós,
15. Hólmavík,
16. Hvalsker í Patreksfirði,
17. Hvammstangi,
18. Höfn í Hornafirði,
19. Ingólfssfjörður,
20. Járngerðarstaðir,
21. Kópasker,

22. Látrar í Aðalvík,
23. Reykjarfjörður á Ströndum,
24. Selárdalur,
25. Skálar á Langanesi,
26. Skipavík,
27. Stokkseyri,
28. Stöðvarfjörður,
29. Súðavík í Álftafirði,
30. Sæból í Aðalvík,
31. Vattarnes,
32. Vogar,
33. Þorkötlistaðir í Grindavík,
34. Þorlákshöfn,
35. Örlygshöfn, Patreksfirði.

3. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta, af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði.

5. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum.

Brot gegn þessari grein varða sektum allt að 10000 krónum, og getur hafnar- eða lendingarbótanefnd látið nema burt á kostnað eigenda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

Enn fremur er heimilt að nema á burt án endurgjalds bryggju eða annað mannvirki í sjó fram, sem staðið hefur ónotað í 5 ár eða lengur.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.

7. gr.

Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

8. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum.

Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgjald skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.

Öll þessi gjöld má taka lögtaki.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

11. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

12. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

13. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbóta-

sjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, ásamt lögum nr. 75 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, ásamt lögum nr. 12 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 34 19. júní 1922, ásamt lögum nr. 12 24. marz 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932, lögum nr. 36 19. júní 1933, og lögum nr. 11 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10 24. marz 1944.

Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 63 3. nóv. 1915, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 34 14. júní 1929, lögum nr. 58 19. maí 1930 og lögum nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Hafnarlög fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942, ásamt lögum nr. 2 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, nr. 11 24. marz 1944.

Lög nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík, og lög nr. 79 7. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, nr. 88 15. sept. 1942.

Lög nr. 24 13. jan. 1938, um hafnargerð á Hofsósi.

Hafnarlög fyrir Hrísey, nr. 10 24. jan. 1945.

Lög nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, ásamt lögum nr. 45 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Keflavík, nr. 23 25. des. 1943, ásamt lögum nr. 14 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, ásamt lögum nr. 71 30. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. des. 1944.

Lög nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, ásamt lögum nr. 55 28. jan. 1935 og lögum nr. 12 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, nr. 67 4. júlí 1942.

Lög nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, ásamt lögum nr. 97 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, ásamt lögum nr. 11 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, ásamt lögum nr. 49 28. jan. 1935 og lögum nr. 77 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi.

Lög nr. 23 13. jan. 1938, um hafnargerð á Suðureyri.

Lög nr. 30 13. júní 1937, um hafnargerð á Þórshöfn.

- Lög nr. 24 26. febr. 1943, um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.
- Lög nr. 24 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.
- Lög nr. 13 24. maí 1944, um lendingarbætur í Breiðdalsvík.
- Lög nr. 69 28. des. 1944, um lendingarbætur á Djúpavogi.
- Lög nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, ásamt lögum nr. 31 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.
- Lög nr. 42 23. febr. 1945, um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.
- Lög nr. 37 15. febr. 1945, um lendingarbætur í Grunnavík.
- Lög nr. 14 24. maí 1944, um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.
- Lög nr. 89 16. des. 1943, um lendingarbætur í Hnifsdal.
- Lög nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð í Hornafirði, ásamt lögum nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.
- Lög nr. 50 10. okt. 1944, um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.
- Lög nr. 113 20. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík, ásamt lögum nr. 13 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.
- Lög nr. 55 12. okt. 1944, um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.
- Lög nr. 70 28. des. 1944, um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.
- Lög nr. 90 25. sept. 1942, um lendingarbætur á Skálum.
- Lög nr. 65 4. júlí 1942, um lendingarbætur í Skipavík.
- Lög nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri.
- Lög nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði.
- Lög nr. 53 12. okt. 1944, um lendingarbætur við Sæból í Aðalvík.
- Lög nr. 44 14. apríl 1943, um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.
- Lög nr. 97 16. des. 1943, um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.
- Lög nr. 53 14. júní 1929, um lendingarbætur í Þorlákshöfn.
- Lög nr. 26 12. febr. 1945, um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.
- Lög nr. 51 10. okt. 1944, um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Greinargerð.

Samgöngumálaráðherra hefur sent sjávarútvegsnefnd efri deildar frumvarp þetta og óskað eftir því, að nefndin flytti frumvarpið. Nefndin hefur orðið við þessum tilmælum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Frá ráðherra fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að allar hafnargerðir og lendingarbætur verði framvegis framkvæmdar eftir sömu lögum. Þessi skipan er höfð á við vitabyggingar og hefur gefizt vel. Hins vegar hefur hér til verið fylgt þeirri reglu við hafnargerðir og lendingarbætur, að sérstök lög eru samþykkt fyrir hvern stað eða þá að framkvæmdir eru hafnar án annarra lagafyrirmæla en fjárveitingar í fjárlögum.

Það fyrirkomulag, sem nú gildir, hefur skapað glundroða, sem valdið hefur óhöppum og ekki má við hlíta framvegis. Frumkvæði að hafnargerðum og lendingarbótum eiga oftast þingmenn héraða þeirra, er hlut eiga að máli, og hafa oftast ekki við annað að styðjast en óskir kjósenda. Er oft rekið svo fast eftir, að ekki vinnst tími til sérfræðilegs undirbúnings, áður en fram eru knúðar fjárveitingar og byrjunaraðgerðir, sem draga óhappadilka á eftir sér.

Hafnargerðir og lendingarbætur verða að miðast við þarfir fiskiflotans og siglinganna. Þá koma þær á þeim stöðum og í þeirri röð, sem þjóðarþörfin krefur. Frumkvæðið verður að vera hjá sérfróðum mönnum á sviði fiskveiða, siglinga og verkfræðilegrar menntunar. Um þetta atriði er ekkert ákvæði í frumvarpinu, en því má bæta inn í það, ef ráðherra telur sig ekki geta skapað þessa reglu án lagafyrirmæla.

Um 1. gr.

Efni þessarar greinar er í samræmi við ákvæði hinna nýrri hafnarlaga um þessi efni að undanskildu því, að sleppt er skilyrði um sýsluábyrgð. En það atriði má teljast úrelt og getur auk þess valdið ágreiningi og tafið framkvæmdir.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru taldar þær hafnir og þeir lendingarstaðir, sem gera má ráð fyrir, að styrks njóti úr ríkissjóði. Við flokkunina hefur nær því alveg verið fylgt þeim hlutföllum milli ríkissjóðsframlags og ríkisábyrgðar, sem nú eru í gildi, eins langt og það nær. Af því leiðir, að þrír kaupstaðir, Akranes, Ólafsfjörður og Neskaupstaður, eru settir hér með ríkissjóðsframlag 2:3, þótt það sé aðalreglan um kaupstaðina, að þeir hafi 1:2. Þá hefur Höfn í Hornafirði verið sett með hlutfallið 1:1. En þessi staður hefur nú hlutfallið 2:3.

Það skal tekið fram, að nokkrar þeirra hafna, er í 2. gr. eru taldar, ættu að álitu millipinganevndarinnar að verða landshafnir. Er þetta nánar skýrt í bréfi nefndarinnar til ráðherra varðandi landshafnir. Ekki þótti þó ástæða til annars en taka staði þessa með í flokkun 2. gr., því að ef þeir, einhverjir eða allir, verða síðar ákveðnir fyrir landshafnir, verða að sjálfsögðu sett um það sérstök lög.

Loks vill nefndin taka fram, að hún telur, að til mála geti komið, að ríkisábyrgð verði ekki í té látin fyrir óskertum þeim hluta kostnaðar, sem umfram er ríkissjóðsframlagið til hvernar hafnar eða lendingarbóta, heldur að fylgt verði svipuðum reglum og nú eru á komnar, að því er snertir ríkisábyrgð á rafveitulánum.

Um 3. gr.

Skilyrði þessarar greinar eru orðin að fastri reglu í gildandi hafnarlögum.

Um 4. gr.

Þessi grein er nær samhljóða tilsvandi grein í hinum yngri hafnarlögum.

Um 5. gr.

Greinin er í samræmi við hliðstæð ákvæði hinna nýrri hafnarlaga.

Um 6. og 7. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkru fyllri en tilsvandi ákvæði í hafnarlögum nú og hniga að því að tryggja fjárhagslegt öryggi fyrirtækisins sem bezt má verða.

Um 9. gr.

Þessi grein er svipuð tilsvandi grein í gildandi hafnarlögum. Aðeins er sá munur á, að engir tekjuliðanna eru tilgreindir með ákveðnum hundraðshlutum, því að þetta kann að verða mismunandi eftir staðháttum, og verður því að ákveðast í reglugerð.

Um 10.—16. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 17. gr.

Sjálfsagt þykir, er allsherjarlög eru sett um hafnargerðir og lendingarbætur, að um leið séu úr gildi numin öll lagafyrirmæli, sem nú eru í gildi um einstakar hafnir og lendingarbætur, og í staðinn komi reglugerðir um hvern stað fyrir sig. Nefndin hefur fundið 74 lög, er samkv. þessu er lagt til, að úr gildi verði felld.